



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

4. árg. 5. tölublað. Maí 2008.

## EFNI:

Sala og notkun  
inflúensu-  
bóluefna  
á Íslandi **bls.**  
**1**

Mikil aukning  
á blóðsmitandi  
lifrabólgu  
á árinu 2007 **bls.**  
**2**

### Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarna-  
læknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa  
fréttabréfs, sé heimildar getið.

## SALA OG NOTKUN INFLÚENSUBÓLUEFNA Á ÍSLANDI

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett það markmið að á árinu 2010 fái að minnsta kosti 75% þeirra sem eru eldri en 65 ára árlega bólusetningu gegn inflúensu (<http://www.who.int/en/>).

Á undanförunum árum hefur sala á inflúensubóluefnum hér á landi aukist talsvert og náði hún hámarki 2005–2006 en minnkaði 2007–2008 (sjá töflu 1).

**Tafla 1. Árleg sala  
inflúensubóluefna á Íslandi**

Ár	Fjöldi skammta alls
2000–2001	47.488
2001–2002	48.240
2002–2003	47.370
2003–2004	50.800
2004–2005	51.839
2005–2006	53.570
2006–2007	52.350
2007–2008	50.900

Miðað við aðrar þjóðir hefur salan á inflúensubóluefnum á Íslandi verið með því hæsta sem þekkt (*Vaccine* 2005; 23: 5133–5143), en þar sem skráning á bólusetningum hér á landi hefur til þessa ekki verið miðlæg er ekki vitað hver notkunin hefur

verið hjá einstaklingum í áhættuhópum, þar á meðal einstaklingum eldri en 60 ára.

Til að ná markmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ákváðu íslensk stjórnvöld að bjóða öllum einstaklingum á Íslandi 60 ára og eldri sem og einstaklingum í skilgreindum áhættuhópum inflúensubóluefnið þeim að kostnaðarlausu á árinu 2007–2008.

Samningur var gerður við GlaxoSmithKline og Sanofi Pasteur um kaup á 60.000 skömmtum af inflúensubóluefnum, sem gildir í fjögur ár (sjá *Farsóttufréttir*, 6. tbl. 2007). Með þessu var vonast til að auka mætti þekjun inflúensubólusetningar hjá einstaklingum 60 ára og eldri og hjá skilgreindum áhættuhópum.

Samkvæmt uppgjöri á sölu inflúensubóluefna 2007–2008 voru 17.117 einstaklingar í áhættuhópum bólusettir síðastliðið haust og þar af voru 15.854 einstaklingar 60 ára og eldri (sjá töflu 2). Mest var þekjunin hjá einstaklingum 70 ára og eldri, en einungis 32% af öllum 60 ára og eldri voru bólusettir og því nokkuð í land að markmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar verði náð. Þó er hugsanlegt að sóttvarnalækni hafi ekki borist tilkynningar um allar bólusetningar þessa aldurshóps og hlutfallið sé því í raun hærra.

*Framh. bls. 2*

**Tafla 2. Inflúensubólusetning 60 ára og eldri**

Aldur (ár)	Fjöldi (% af bólusettum einstaklingum ≥60)	Hlutfall bólusettra í aldurshópi (%)
60–64	1.790 (11,3)	13,2
65–69	2.326 (14,7)	24,1
70–79	6.878 (43,4)	41,6
80–89	4.270 (26,9)	50,9
≥90	590 (3,7)	44,3
Alls ≥ 60	15.854	32,0

*Bólusetning gegn  
inflúensu kemur að  
gagni þótt inflúensa  
hafi þegar greinst  
samfélaginu.  
Því er óráðlegt  
að takmarka  
bólusetningu við  
stuttan tíma á  
haustin.*

*Á árinu 2007  
greindust 95 manns  
með lifrabólgu C,  
sem er umtalsverð  
aukning miðað við  
árin á undan.*

Eins og bent var á í marstölublaði Farsóttafréttta 2008 einkenndist inflúensufaraldurinn í ár af því að þrír undirstofnar veirunnar greindust hér á landi frá janúar til maí, sem skýrir að margir einstaklingar hafa fengið inflúensulík einkenni oftast en einu sinni á þessum vetri. Inflúensubóluefnið sem notað var sl. vetur innihélt mótefnavaka þessara þriggja undirstofna og verndaði því gegn sýkingu af völdum allra stofnanna.

Þar sem rannsóknir síðustu ára hafa sýnt að inflúensubólusetningar eru áhrifarík aðferð



til að koma í veg fyrir inflúensu er það áhyggjuefni að sala bóluefna hér á landi minnkaði talsvert í ár miðað við undan- gengin ár þrátt fyrir viðleitni hins opinbera til að auka notkunina.

Full ástæða er til að vekja athygli á því að bólusetning getur verið gagnleg jafnvel þótt inflúensa hafi greinst í samfélaginu. Því er óráðlegt að takmarka inflúensubólusetningu við stuttan tíma á haustin og áréttað að einstaklingar eiga rétt á bólusetningu enda þótt inflúensufaraldur sé hafinn.

## MIKIL AUKNING Á BLÓÐSMITANDI LIFRARBÓLGUM Á ÁRINU 2007

Óvenju margir greindust með lifrabólgu B á árinu 2007, eða 48 manns. Um helmingur þeirra voru innflytjendur og vitað var um átta sem höfðu sprautað sig með fíkniefnum. Síðast gekk yfir faraldur meðal fíkniefnaneytenda á árunum 1989–1991 (sjá mynd).

Mikilvægt er að bjóða fíkniefnaneytendum, sem ekki hafa smitast af lifrabólgu B, bólusetningu gegn sjúkdómnum til að koma í veg fyrir nýjan faraldur í þessum hópi. Hluttur innflytjenda meðal þeirra sem greinast með lifrabólgu B er enn nokkuð hár.



Lifrabólga C er langalgengasta lifrabólga hér á landi. Meginþorri þeirra sem smitast eru fíkniefnaneytendur sem sprautu sig. Á árinu 2007 greindust 95 manns með lifrabólgu C, sem er umtalsverð aukning miðað við árin á undan.

Þessi aukning er vísbending um hugsanlega aukningu á misnotkun fíkniefna með sprautum og nálum og ógætlega notkun þeirra þar sem skipst er á menguðum áhöldum.

Lifrabólga B meðal innflytjenda til landsins er viðvarandi lifrabólga sem stafar yfirleitt af smiti frá móður til barns í þeim löndum þar sem sjúkdómurinn er landlægur. Hins vegar má ætla að lifrabólga C meðal innflytjenda eigi sér svipaða skýringu og hjá Íslendingum.